

ÁRSSKÝRSLA 2013

NÝSKÖPUNARSJÓÐUR



Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	2
Skýrsla framkvæmdastjóra.	4
Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.	6
Starfsmenn Nýsköpunarsjóðs í stjórnnum fyrirtækja.	8
Helstu fjárfestingar Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins	11
Fjárfestingar í sjóðum	36
Ársreikningur 2013	37
Rekstrarreikningur árið 2013	40
Efnahagsreikningur 31.12. 2013	41
Skýringar	44



Ávarp stjórnarformanns

Efnahagslíf okkar er drifið áfram af viðleitninni til að gera betur í dag en í gær. Það er ekki í boði að standa í stað. Fyrirtæki sem þróa ekki rekstur sinn sífellt áfram, verða fyrir en síðar undir í samkeppninni. Megnið af nýsköpun í atvinnulífi heimsins fer fram í fyrirtækjum sem þegar eru í stöðugum rekstri. Nýsköpun á sprotastigi er umtalsverð, en samt er hún lítil í samanburði við þróunarstarf þeirra félaga sem lengra eru komin á ávískeiði sínu. Stærðin skiptir máli, í þroskuðum fyrirtækjum starfa einfaldlega mun fleiri en í sprotafyrirtækjum. Rekstrarfélög hafa almennt yfir að ráða umtalsverðu peningalegu afli og hafa mikla hagsmuni af því að þróa nýjar vörur eða laga rekstur sinn að breytingum í umhverfinu. Þar er mestu að tapa ef illa fer.


Velgengi í fortíð er engin trygging að nýsköpunaraflíð sé rétt nýtt til framtíðar. Þótt alþjóðlegir risar í tækniheiminum virðist ósigrandi, geta þeir auðveldlega misst viðskipti hratt til keppinauta, ef rangt er veðjað í vörubröun og stefnumörkun. Snemma á síðustu öld kallaði austurríski hagfræðingurinn og þjóðfélagsrýnirinn Joseph Schumpeter markaðsöflin „skapandi tortímingu“. Hann benti á að samkeppnin leiddi til þess að eitt hyrfi en annað tæki við, oft með umbrotum og lítt fyrirsjáanlegum hætti. Á undanföllum árum höfum við einmitt orðið vitni að því hvernig alþjóðleg vörumerki, sem áttu langt tímabil velgengi að baki, fóru á undraskömmum tíma halloka í samkeppninni og lentu jafnvel í bráðum lífsháska. Hið finnska Nokia og kanadíska RIM, sem býr til Blackberry símtækin, eru dæmi um það. Ekki vantaði að þessi fyrirtæki verðu firnamiklu fé til rannsókna og þróunar, sem byggðist á að taka markviss og fremur áhættulítil skref innan þáverandi viðskiptamóðels, sem hafði reynst þeim svo vel svo lengi. En að því kom að umhverfið breyttist svo skyndilega, að viðskiptahugmynd þeirra varð undir.

Í dag er fjöldi fyrirtækja sem ekkert virðist geta bitið á. Þrjú af verðmætari tæknifyrirtækjum heims eru nú Facebook, Google og Apple. Ég ætla að leyfa mér að kasta fram þeim spádómi að eitt þessara fyrirtækja muni rata í meiriháttar tilvistarkreppu fyrir lok þessa áratugar, og jafnvel enda með andláti. Eins tel ég næsta víst að eitt af þremur verðmætustu fyrirtækjum heims árið 2030 hafi enn ekki verið stofnað.

Drögum saman í tvær milliniðurstöður:

- Nýsköpun í fyrirtækjum er ekki jaðarmál nokkurra sérfræðinga, heldur er hún grundvallaratriði sem getur skilið milli afar mismunandi orlaga, allt frá heimsyfirráðum til dauða.
- Stærstu nýsköpunarverksmiðjur heims á hverjum tíma eru í stöndugum rekstri, en flestar þeirra urðu ekki til fyrir en eftir að hinn dæmigerði lesandi þessarar ársskýrslu fermdist.

Það er merki um að hagkerfi hafi náð langt á þróunarbraut sinni, þegar stofnun líttilla og áhættusamra fyrirtækja er viðurkennt og algengt fyrirbrigði. Fjárfestingar í slíkum fyrirtækjum skila oftast en ekki neikvæðri ávöxtun en í minnihluta tilvika fæst áhættuféð margfalt til baka. Að meðaltali geta góðir nýsköpunarsjóðir skilað vel viðunandi niðurstöðu til lengri tíma. Með nýsköpun í sprotafyrirtækjum er stefnan yfirleitt tekin á grundvallarbreytingar, sk. byltingarnýsköpun, en slíkar tilraunir eru áhættusamar og ganga sjaldnast upp. En afraksturinn getur verið ævintýralegur í þeim tilfellum þegar bjartsýniskast, sem formgert hefur verið í sprotafyrirtæki, gengur upp. Heildarávöxtun sjóða eins og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins byggist til lengri tíma á þessum fáu áhættusömu, en frábæru, fjárfestingum.



Fjárhagslegi afraksturinn er mælikvarðinn sem fjárfestar eins og NSA eiga að leggja á verkefni sín. En ávinningur hagkerfisins er fjölbreyttari. Menning sprotaheimsins grundvallast á þekkingu, jákvæðni, tækni, bjartsýni, frumkvæði, færni og örlitlu óraunsæi. Frumkvöðlar mega hugsa út fyrir boxið, þeim má líka mistakast. Fá sprotafyrirtæki ná heimsyfirráðum, en reynslan af því að stofna fyrirtæki, afla fjár og prófa nýja hluti, getur verið afar verðmæt, þótt fyrirtækið skili þegar yfir lýkur ekki nægilega góðri ávöxtun sem fjárfesting. Vistkerfi frumkvöðla, fjárfesta og menntastofnana þarf að vera stöðugt en í sífelldri endurnýjun. Starfsmenn í einu sprotafyrirtæki vilja gjarnan vinna í öðru slíku síðar. Hugsunarháttur úr frumkvöðlafyrirtækjum getur líka nýst þroskuðum rekstrarfélögum. Slík félög stunda mun meiri nýsköpun á heildina litið en sprotafyrirtæki gera. Megnið af henni er hins vegar jaðarnýsköpun, stöðugar litlar umbætur til að sinna kúnum sínum betur. Sprotahugmyndafræðin getur nýst rekstrarfélögum, til að meta áhættu og frumkvæði með öðrum hætti en fyrr, jafnvel gera grundvallarbreytingar á viðskiptahugmynd sinni.

Á Íslandi vantar fé til sprotafjárfestinga og fáir varanlegir fjárfestar á þessu klakstigi fyrirtækja starfa hér, aðrir en Nýsköpunarsjóður. Sjóðurinn hefur þó ekki burði til að fjárfesta í öllum þeim hugmyndum sem hann telur vænlegar. Árið 2013 fjárfesti NSA aðeins í tveimur nýjum fyrirtækjum. Sjóðurinn er næstum fullfjárfestur og getur illa tekist á hendur ný verkefni, nema að ganga út úr öðrum fyrst. Nú, þegar árið 2014 er næstum hálfnað, hefur enn ekki verið ráðist í neina fjárfestingu í nýju fyrirtæki. Meðan gjaldeyrishöft eru við lýði á Íslandi er jafnframt erfitt að fá útlendinga til að fjárfesta í íslensku hugviti, nema að viðkomandi fyrirtæki sé skráð erlendis. Þessi þróun er

uggvænleg. Þótt við búumst ekki við að næsta Google komi frá Íslandi, þá væri hagkerfinu mikill og margs konar missir af því ef sprotafjárfestingar þurrkuðust upp eða færðust úr landi. Það er erfitt að endurlífga vistkerfi sem leggst í dvala.

Jákvæðu fréttirnar eru þó þær að ýmsir stórhuga Íslendingar hyggja nú á stofnun nýrra fjárfestingasjóða, með því að fá lífeyrissjóði til að leggja með sér í sjóð. Það er góð hugmynd. Sá háttur var til að mynda hafður á þegar NSA og lífeyrissjóðirnir lögðu saman fé til vaxtarsjóðsins Frumtaks. Fagnaðarefni væri ef lífeyrissjóðir litu sprotafjárfestingar jákvæðari augum. Bent hefur verið á að áhættustýring lífeyrissjóðanna myndi njóta góðs af því ef hluti eignasafns þeirra væri í eignum, sem lúta ekki hefðbundinni hagsveiflu eða sömu þróun og skráðar eignir. Sprotasjóðir uppfylla það skilyrði. Að því sögðu má geta þess að í smíðum er nýr sjóður sem ber vinnuheitid Silfra, sem mun njóta góðs af reynslu NSA. Það væri jákvætt fyrir hagkerfið að hann kæmist á koppinn. En það er vandasamt að fjárfesta í áhættusömum verkefnum og því ekki sama hverjir sinna slíkri iðju. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur langa reynslu af sprotafjárfestingum og hefur skerpt og þróað vinnubrögð sín á markvissan hátt á undanförunum árum. Þótt að sjóðnum sé sniðinn þröngur fjárhagslegur stakkur þessi misserin, þá er ljóst að hann getur orðið að liði með samvinnu og ráðgjöf á þeim spennandi umbrotatímum sem framundan eru.



Virkjum kraftinn en verum vandvirk

Skýrsla framkvæmdastjóra

Það er skemmtilegt starf að taka þátt í íslensku nýsköpunarumhverfi. Ánægjan stafar meðal annars af þeim krafti sem er að finna í íslenskum frumkvöðlum. Við vitum líka að þessi kraftur getur verið lyftistöng fyrir þjóðfélagið sem heild.

Það er löngu sannað að fjárfesting í nýsköpun getur skapað hagvöxt, störf, gjaldeyriskjör og framfarir í tækni og vísindum. En til að þessi árangur náist þarf að vanda til verka. Það er þýðingarlítið að ráðstafa fjármagni í nýsköpun án þess að huga að starfsumhverfi fyrirtækja og vinnubrögðum og þekkingu þeirra sem bera ábyrgð á fjárfestingunni.

Starfsumhverfi nýsköpunarfyrirtækja þarf að vera með þeim hætti að bestu fyrirtækin nái árangri. Sem þjóðfélag þurfum við að tryggja að hér sé nægilegt framboð af vel menntuðu fólki sem hefur þekkingu, metnað og getu til að búa til ný alþjóðleg þekkingarfyrirtæki. Við þurfum að hafa skattkerfi sem hvetur frumkvöðla og starfsfólk fyrirtækja sem þora að taka áhættu á eigin starfsframa og leggja á sig mikla vinnu. Vandað starfsumhverfi þýðir að hér sé aðgangur að fjármagni fyrir góð fyrirtæki á öllum stigum fjármögnunar. Það er ekki gaman að vera sproti í 15 ár.

Það eru allir sammála um að gjaldeyrishöft eru ekki góð fyrir nýsköpunarfyrirtæki sem vilja ná alþjóðlegum vexti. Þær fyrirmyndir sem við höfum í dag Össur, Marel og CCP eru fyrirtæki sem náðu öll miklum vexti á þeim stutta kafla Íslandssögunnar þegar Ísland var án gjaldeyrishafta. Þegar þessi fyrirmyndarfyrirtæki voru að vaxa úr grasi þurftu þau ekki að fá sérstakan stimpil til að opna útibú erlendis. Fyrirmyndirnar gátu jafnframt fjármagnað sig á sömu vaxtakjörum og erlendir keppinautar.

Við sem lifum og hrærumst í nýsköpunarumhverfinu vitum að þessi vandaða umgjörð nýsköpunar er sameiginlegt átak, menntakerfis, atvinnulífs og stjórnvalda. Við finnum að það er mikill vilji til að gera betur, margt hefur breyst til batnaðar undanfarin ár og vonandi halda hlutirnir áfram á næstu misserum. Hér er að sjálfsögðu horft til afnáms gjaldeyrishafta og aukið aðgengi að vaxtarfjármagni á sanngjörnum kjörum.

Það er ekki bara umgjörðin sem þarf að vera vönduð heldur þurfa vinnubrögð þeirra sem starfa í nýsköpun að vera til fyrirmyndar. Það er mikil áhætta sem fylgir fjárfestingu í nýsköpun og því þurfa bæði frumkvöðlar og fjárfestar að vanda til verka þegar kemur að því að stofna og byggja upp nýsköpunarfyrirtæki. Við viljum að nýsköpunarkrafturinn fari í að byggja upp langtíma verðmæti fremur en að blása upp blöðru sem springur á einni nóttu. Fjárfesting í nýsköpun (venture capital) á sér tiltölulega stutta sögu á Íslandi. En það er gaman að segja frá því að þekking og vinnubrögð frumkvöðla og fjárfesta verða faglegri með ári hverju.

Við hjá Nýsköpunarsjóði erum þeirra gæfu ánjóttandi að vinna með framúrskarandi frumkvöðlum. Þetta eru einstaklingar sem þora að leggja allt sitt í að gera hugmynd að veruleika. Það er gaman að fylgjast með hinum faglegu vinnubrögðum sem flestir frumkvöðlar aðhafast í dag. Þetta eru frumkvöðlar sem kunna að laða til sín góða stjórnendur og hafa þekkingu á vörubrúun og sölu. Þetta eru frumkvöðlar sem kunna að finna fjárfesta. Þetta eru frumkvöðlar sem þora að standa uppúr framkvæmdastjórástólnum ef það er fyrirtækinu fyrir bestu. Þetta eru líka frumkvöðlar sem þora jafnvel að loka fyrirtækjum á faglegan hátt ef hugmyndin er ekki að ganga upp.

Við sem erum fjárfestar þurfum líka að vanda til verka. Áhætta fylgir allri fjárfestingu í nýsköpun. Þeir fjármunir sem fara í að þróa nýja vöru á nýjan markað geta tapast en ávinningurinn getur líka verið mikill. Vönduð vinnubrögð koma ekki í veg fyrir áhættu en geta lágmarkað óþarfa áhættu og samtímis hámarkað ávöxtun. Það er því mikilvægt fyrir sjóði eins og Nýsköpunarsjóð að hafa aðgengi að hæfu starfsfólki sem hefur þekkingu og reynslu á stjórnun, rekstri, tækni og fjármálum. Fyrir nýsköpunarfjárfestinn er einnig mikilvægt að kunna mannleg samskipti og geta átt heiðarleg og hvetjandi samtöl við frumkvöðla. Fjárfestirinn þarf að hafa hæfileika til að horfa fram á við og spá í framtíðina en á sama tíma geta horft í baksýnispegilinn og lært af fortíðinni. Fjárfestirinn þarf að geta skilið hvaðan hagnaðurinn kemur en líka krufið það sem ekki gengur upp.

Við hjá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins erum sífellt að reyna að gera betur og efla fagmennsku á öllum stigum nýsköpunar. Við leggjum okkur fram við að vera hluti af alþjóðlegum netverkum fjárfesta á Norðurlöndum, Bretlandi og víðar í Evrópu ekki bara til að efla tengslanetið heldur einnig til að læra það sem best gerist annars staðar.

Það er mat ráðgjafafyrirtækisins Mckinnsey að Íslendingar þyrftu að fjárfesta fyrir um 3 milljarða króna árlega til að byggja undir íslenskan alþjóðageira framtíðarinnar. Það væri ánægjulegt ef við gætum náð þessu markmiði með því að hafa hér þrjá fjárfestingarsjóði sem fjárfestu fyrir um einn milljarð hver árlega á næstu fimm árum. Því miður eru þessir nýju sjóðir enn ekki orðnir að veruleika. Þetta er að breytast og nú eru margir að safna í nýja fjárfestingarsjóði sem eiga að fjárfesta á fyrstu stigum atvinnulífsins. Nýsköpunarsjóður fagnar þessari þróun. Það er hollt fyrir allt nýsköpunarumhverfið að nýir fjárfestar stígi fram. Það er ekki gott umhverfið ef það eru hvorki til samkeppnisné samstarfsaðilar fyrir sjóði eins og Nýsköpunarsjóð.

Árið 2013 einkenndist af líttilli fjárfestingu í nýsköpun. Sjóðirnir Auður, Brú og Frumtak voru allir full fjárfestir og engir nýir sjóðir komu fram á sjónarsviðið. Nýsköpunarsjóður sem er sjálfbær og sjálfstæður sjóður í eigu ríkisins hefur takmarkaða fjárfestingargetu þar til sjóðurinn nær að selja sig út úr fleiri fyrirtækjum.

Nýsköpunarsjóður fjárfesti töluvert minna árið 2013 en undanfarin ár. Heildarfjárfestingarloforð sjóðsins voru upp á 357 mkr. Þetta var minni fjárfesting en tækifærin gáfu tilefni til. Nýsköpunarsjóði bárust 95 erindi um ný fjárfestingatækifæri árið 2013. Vegna fjárskorts fjárfesti sjóðurinn aðeins í tveimur nýjum fyrirtækjum það árið.

Þau eru:

- OZ ehf. sem hefur þróað hugbúnað fyrir gagnvirka dreifi-veitu sjónvarpsefnis.
- Admit ehf. sem býður til sölu hugbúnað sem einfaldar stórum háskólum inntökufæri og umsýslu nýnema.

Það er mikilvægt fyrir Nýsköpunarsjóð að geta fylgt fyrir fjárfestingum eftir og sjóðurinn þarf ávallt að hafa getu til að styðja við góðar fjárfestingar í eignasafni sjóðsins. Um síðustu áramót var Nýsköpunarsjóður hluthafi í 34 fyrirtækjum og 13 þeirra fengu loforð um framhaldsfjárfestingu á árinu.

Nýsköpunarsjóður seldi eignarhluti sína í þremur fyrirtækjum á árinu. Fyrirtækið CLARA var selt til bandaríska félagsins Jive, Betware var selt til austurríska félagsins Novomatic og Videntifier ehf. var selt til innlendra fjárfesta. Samtals skiluðu þessar útgöngur um 440 mkr. aftur til sjóðsins. Heildarhagnaður af þessum eignarhlutum var 183 mkr. á árinu.

Nýsköpunarsjóður var rekinn með 13 mkr. hagnaði árið 2013. Helsti kostnaðarliður sjóðsins var varúðarframlag í afskriftarreikning upp á tæpar 137 mkr. Samkvæmt efnahagsreikningi voru heildareignir sjóðsins 5,2 milljarðar króna í árslok, þar af var eignarhlutur í fyrirtækjum metin á 3 milljarði. Eign sjóðsins í samlagsjóðunum Frumtak, Auður 1 og Brú var metin á 1,6 milljarð.

Að lokum vil ég þakka stjórn og starfsmönnum Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu ári.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins



Orri Hauksson, stjórnarformaður NSA

Orri er vélaverkfræðingur frá HÍ og MBA frá Harvard Business School. Orri hefur nýlega tekið við stöðu forstjóra Símans hf. en var framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins síðan í ágúst árið 2010. Hann hefur gegnt ýmsum stjórnunarstöðum og hefur undanfarin ár sinnt fjárfestingum og setið í stjórnnum nokkurra fyrirtækja fyrir hönd Novator, aðallega á sviði fjarskipta og hreinna orkugjafa í Bandaríkjunum og á Norðurlöndum. Orri situr í stjórn lífeyrissjóðsins Gildis. Hann var áður framkvæmdastjóri þróunarsviðs Símans og aðstoðarmaður forsætisráðherra á árunum 1997 - 2000.



Finnbjörn Aðalvíkingur Hermannsson, varaformaður stjórnar NSA

Finnbjörn er fæddur í Reykjavík 1954. Hann er húsasmiður, með uppeldis- og kennslufræðimenntun frá KHÍ og diplómanám í mannauðsstjórnun frá HR. Finnbjörn er formaður Byggiðnar, félags byggingamanna frá 1997. Hann tók þátt í undirbúningi að stofnun Nýsköpunarsjóðs og var varamaður í stjórn á árunum 1997 - 2001. Finnbjörn hefur verið stjórnarmaður í NSA frá 2010. Finnbjörn situr í miðstjórn ASÍ og stjórn Iðunnar fræðsluseturs auk ýmissa nefnda og ráða á vegum verkalýðshreyfingarinnar.



Agnes Anna Sigurðardóttir

Agnes Anna Sigurðardóttir er fædd og uppalin á Árskógssandi og hefur starfað við fiskiðnað og sjómennsku frá 11 ára aldri. Agnes var verslunarstjóri í matvörubúð frá árinu 1994-2005. Árið 2005 stofnaði Agnes Bruggsmiðjuna Kalda ásamt eiginmanni sínum Ólafi Ólafssyni, en Kaldi er í dag söluhæsti Íslenski flöskubjórinn.



Guðbergur Rúnarsson

Guðbergur er fæddur í Reykjavík 1951 og lauk námi í véla- og rekstrarverkfræði frá Aalborg Universitetscenter 1987. Umsjón með Lagarfliótsvirkjun 1978-1982, verkfræðingur hjá Danyardskipa-smíðastöð 1987, innkaupastjóri hjá Trausti hf. 1987-1988, framleiðslustjóri og síðar markaðsstjóri hjá Vaki fiskeldiskerfi hf. 1988 -1997. Deildarstjóri Tæknideildar Fiskifélags Íslands 1997-2002. Starfar nú hjá Samtökum fiskvinnslustöðva sem verkefnastjóri fyrir Samstarfsvettvang sjávarútvegs og iðnaðar, í faghópi AVS um veiðar og vinnslu, framkvæmdastjóri fyrir Landssamband fiskeldisstöðva og Íslenskra Saltfiskframleiðenda.



Sigrún Valdimarsdóttir

Sigrún er fædd í Reykjavík 1955 og uppalin í Kópavogi. Hún starfaði hjá Tryggingastofnun ríkisins og Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins 1978-1983. Sigrún var sauðfjárbóndi frá 1983-2000 og ferðabjónustubóndi frá 1988. Sigrún situr í stjórn Félags ferðabjónustubænda, Selaseturs Íslands og er formaður ferðamálafélags Vestur-Húnavatnssýslu.



Starfsmenn Nýsköpunarsjóðs í stjórnnum fyrirtækja



Helga Valfells, framkvæmdastjóri

Helga lauk BA-prófi í hagfræði og enskum bókmenntum frá Harvard University 1988 og MBA-prófi frá London Business School árið 1994. Helga hefur unnið hjá Estée Lauder UK, Merrill Lynch International Europe og Útflutningsráði Íslands. Helga hefur jafnframt starfað sem sjálfstætt starfandi ráðgjafi og aðstoðarmaður Gylfa Magnússonar viðskiptaráðherra. Helga hóf störf hjá Nýsköpunarsjóði í ágúst 2009 og var ráðin framkvæmdastjóri í mars 2010.



Egill Másson, fjárfestingastjóri NSA

Egill lauk BS-prófi í tölvunar- og eðlisfræði frá Háskólanum í Kaupmannahöfn 1987 og MS-prófi í tölvunarfræði frá sama skóla 1990. Hann starfaði sem forritari hjá Niels Bohr Institut og við rannsóknir hjá NEuroTech A/S í Danmörku. Egill starfaði hjá Taugagreiningu hf. í 16 ár, fyrst við rannsóknir og síðar sem framkvæmdastjóri. Hann vann síðan við markaðsstörf hjá bandaríska félaginu CareFusion í þrjú ár og var yfirmaður viðskiptagreiðna og hugbúnaðarhögunar hjá Arion banka í þrjú ár. Egill hóf störf hjá Nýsköpunarsjóði 2010.



Gísli Benediktsson, fjárfestingastjóri NSA

Gísli lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1967 og útskrifaðist síðan frá viðskiptadeild Háskóla Íslands árið 1971. Gísli hefur unnið hjá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins frá stofnun. Áður var hann sérfræðingur hjá lðnlánasjóði og hafði þá m.a. umsjón með vörupróunar- og markaðsdeild sjóðsins. Eftir útskrift frá viðskiptadeild HÍ starfaði Gísli sem skrifstofustjóri hjá Félagi íslenskra iðnrekenda í fjögur ár og útibússtjóri hjá lðnaðarbanka Íslands hf. í eitt ár.



Hekla Arnardóttir, fjárfestingastjóri NSA

Hekla lauk C.Sc.-prófi í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands vorið 1999. Frá því að námi lauk starfaði hún hjá stoðtækjafyrirtækinu Össuri hf., fyrst við vörupróun og prófanir í þróunardeild en síðar við markaðssetningu og vörustjórn á Asíumarkaði. Hekla tók þátt í að setja á stofn útibú Össurar í Shanghai og rekstri þess fyrsta árið. Hekla hóf störf hjá Nýsköpunarsjóði sumarið 2010 og er einn af fjárfestingastjórum sjóðsins.



Smári Þórarinsson, fjármálastjóri

Smári er fjármálastjóri Nýsköpunarsjóðs og hefur verið það frá stofnun hans 1998. Hann starfaði áður hjá Fiskveiðasjóði Íslands frá 1978-1997, fyrst sem bókari og svo deildarstjóri tölvudeildar. Hann gegndi stöðu aðalbókara hjá Fiskveiðasjóði Íslands árið 1992-1997.

Stjórnarseta fyrir NSA:

Frumtak (formaður)
Azazo
Mentor
Transmit
Andrea Maack
OZ
Klak-Innovit

Gangverð (formaður)
GreenQloud
Menn og mýs (formaður)
Mentis Cura
ReMake Electric
Stiki
Transmit (formaður)

Dohop
Kine
Lífeind
Menn og mýs
Primex
Stjórn Oddi
Valka


3Z
Admit
Andrea Maack (formaður)
Cooori
Kerecis
Mint Solutions


Akthelia
Norrænar myndir
Oxymap



Starfsmenn Nýsköpunarsjóðs og Frumtaks.

Egill Másson, Hekla Arnardóttir, Eggert Claessen, Svala Vignisdóttir, Helga Valfells, Smári Þórarinnsson, Svana Gunnarsdóttir, Gísli Benediktsson og Rakel Sigurðardóttir.





Helstu fjárfestingar
Nýsköpunarsjóðs
atvinnulífsins



Karl Ægir Karlsson, lektor við tækni- og verkfræðideild HR, og Haraldur Þorsteinsson stofnuðu 3Z árið 2008 ásamt Háskólanum í Reykjavík. Karl Ægir er framkvæmdastjóri félagsins.

3Z sprettur upp úr öflugu rannsóknarumhverfi innan tækni- og verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík og er bakgrunnur stofnenda í taugasálfræði og taugavísindum. Fyrirtækið hefur það að markmiði að markaðssetja aðferð þar sem sebrafiskar eru notaðir til skimunar á sameindum sem hafa áhrif á miðtaugakerfið og stunda þannig skipulega leit að miðtaugakerfislyfjum framtíðarinnar. Aðferðirnar eru mun ódýrari, hraðvirkari og mannúðlegri en þær sem mest eru notaðar í dag. 3Z stefnir á að bjóða skimunarþjónustuna til fyrirtækja í lyfjaþróun. Eins og áður segir byggjast aðferðir 3Z á rannsóknum sem fram hafa farið við Háskólann í Reykjavík. Háskólinn hefur enn fremur stutt við uppbyggingu fyrirtækisins með margvíslegum hætti og hefur fyrirtækið rannsóknaraðstöðu í háskólanum. Einnig hlaut 3Z mikilvægan styrk frá Tækniþróunarsjóði við upphaf starfseminnar, sem gerði frumþróun aðferða og ferla mögulega.

www.3Z.is

Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2012

Helstu hluthafar	%
Karl Ægir Karlsson	39,0
Háskólinn í Reykjavík	21,0
Nýsköpunarsjóður	30,0
Aðrir	10,0



Fyrirtækið **Admit** hefur þróað hugbúnaðinn Admittor sem styður inntökuferli háskóladeilda á heildstæðan hátt. Admittor einfaldar meðferð umsókna, bætir gagnasöfnun og tölfraði og sparar háskólum þar með tíma og peninga. Admittor tekur á öllu umsóknarferlinu bæði frá sjónarhóli umsækjenda en sérstaklega þeirra sem taka við umsóknum. Boðið er upp á greiningartól, skilaboð, eyðublöð og skipulagningu funda. Þetta kerfi hefur verið sniðið að þörfum inntökudeilda og er eina kerfið á markaðnum sem er með allt á einum stað. Fyrsti viðskiptavinur Admittor er deildin System Design and Management hjá MIT (www.sdm.mit.edu). Hugbúnaðurinn hefur verið þróaður í nánu samstarfi við inntökudeildina sem eykur líkur á því að lausnin sé sú rétta sérstaklega fyrir háskóla af þessum gæðum.

www.admittor.com





ADMITTOR

Admit var stofnað árið 2011. Stofnendur og frumkvöðlar á bak við Admit eru Þórarinn Sigurðsson, Guðmundur Egill Árnason, Einar Björgvin Sigurbergsson og Gísli Baldur Gíslason. Þórarinn er framkvæmdastjóri félagsins og Einar Björgvin er stjórnarformaður þess.

Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2013

Helstu hluthafar	%
Þórarinn Sigurðsson	25,7
Guðmundur Gíslason	23,1
Nýsköpunarsjóður	25,5
Aðrir	25,7








AGR var stofnað árið 1998 af Gísla Reynissyni, Hálfadáni Guðna Gunnarssyni, Páli Jenssyni og Sveini Stefáni Hannessyni. Framkvæmdastjóri félagsins er Haukur Þór Hannesson.

AGR þróar og selur lausnir til hagræðingar í rekstri aðfangakeðjunnar. Félagið var stofnað árið 1998 í framhaldi af rannsóknarverkefnum við verkfræðideild Háskóla Íslands. Fyrirtækið hefur undanfarin ár þróað aðferðir og hugbúnað fyrir alþjóðlegan markað í nánú samstarfi við Rannís og Háskólann í Reykjavík. Lausnir AGR hafa verið innleiddar hjá yfir 100 fyrirtækjum í 20 löndum, en helstu markaðssvæði eru Ísland, Bretland og Norðurlöndin. Fyrirtækið rekur þrjár skrifstofur undir merkjum AGR, á Íslandi, Bretlandi og Danmörku, en vinnur einnig náðið með mörgum þekktum alþjóðlegum endursöluaðilum. Meðal hugbúnaðarlausna eru AGR Innkaup sem reiknar út sjálfvirkar innkaupatilögur út frá söluspám sem leitast við að lágmarka það fé sem bundið er í birgðum á sama tíma og að viðhalda viðunandi þjónustustigi. AGR hefur einnig þróað söluáætlanakerfi sem tengir áætlanagerð fyrirtækja betur við innkaupaferlið til enn frekari hagræðingar í rekstri aðfangakeðjunnar.

www.agr.is

Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2000

Helstu hluthafar	%
Frumtak	37,4
Íslenska Útflutningsmiðstöðin	18,2
Nýherji	18,1
Haukur Hannesson	10,3
Nýsköpunarsjóður	7,8
Aðrir	8,2



Akthelia Pharmaceuticals þróar sýklalyf sem innihalda vissar smásameindir sem geta örvað meðfæddar varnir líkamans og þannig unnið bug á smitsjúkdómum. Lyfjaþróunin byggist á niðurstöðum rannsókna við Háskóla Íslands og Karolinska Institutet í Stokkhólmi. Lyf þessi verka á annan hátt en hefðbundin sýklalyf og er því um að ræða nýja nálgun á meðferð gegn smitsjúkdómum. Lyfin gætu m.a. reynst gagnleg gegn sýklstofnum sem eru ónæmir fyrir hefðbundnum sýklalyfjum. Akthelia hefur nú sótt um tvö einkaleyfi til verndar tækninni sem lyfjaþróunin byggist á. Í gangi eru forklínískar og klínískar rannsóknir sem prófa virkni tækninnar gegn sýkingum í meltingarvegi og öndunarfærum. Leitað er að samstarfsaðilum til að fjármagna áframhaldandi lyfjaþróun.


www.akthelia.is



Akthelia Pharmaceuticals var stofnað árið 2002 af íslensku og sænsku vísindamönnum Eiríki Steingrímssyni, Guðmundi H. Guðmundssyni, Önnu Birgittu Agerberth og Kurt Roger Strömberg.

Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2008

Helstu hluthafar	%
Birgitta Agerberth	18,4
Eiríkur Steingrímsson	18,4
Guðmundur H. Guðmundsson	18,4
Roger Stromberg	18,4
Nýsköpunarsjóður	22,8
Aðrir	3,6



ANDREA MAACK PARFUMS

Andrea Maack var stofnað af Andreu Maack og Gísla Sverrissyni árið 2011. Framkvæmdastjóri félagsins er Gísli Sverrison.

ANDREA MAACK er íslenskt ilmvatnshús, hugarfóstur myndlistarmannsins Andreu Maack og á uppruna sinn að rekja til myndlistarsýninga hennar. Fyrirtækið var stofnað 2011 og í framhaldinu hófst öflug markaðssetning erlendis og eru ilmvötnin nú seld í hágæðaverslunum víðsvegar um heim. Þjónusta fyrirtækisins er að bjóða upp á hágæðailmvörur með óvenjulegan uppruna. Samstarf Andreu við ilmvatnsgerðarmennina (perfumera) er nýstárlegt en þeir setja saman ilmvötn út frá hugarheimi og myndlistarverkum hennar.

www.andreamaack.com

Auris ehf. vinnur að þróun á nýju lyfi til útvortis notkunar gegn bráðri miðeyrnabólgu. Viðskiptahugmyndin felur í sér notkun velþekkts bakteríudrepani efnis sem komið er fyrir í sérhönnuðum eyrnatöppum, sem komið er fyrir í ytra eyra. Meðferðinni er ætlað að koma í stað hefðbundinnar sýklalyfjameðferðar. Sýklalyfjameðferð fylgja oft auka-verkanir og því mikil þörf innan heilbrigðiskerfisins á öðru meðferðarúrræði. Unnið hefur verið að klínískum rannsóknum þar sem lyfið var prófað á börnum með bráða miðeyrnabólgu. Nú er unnið að kynningu á niðurstöðunum fyrir erlendum aðilum með því markmiði að efna til samstarfs við áframhaldandi þróun og til undirbúnings fyrir markaðssetningu lyfsins.



Auris var stofnað árið 1999 af Guðrúnu Sæmundsdóttur og Karli G. Kristinssyni.


Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2011

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	30,0
Frumkvöðlar	70,0



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2002

Helstu hluthafar	%
Guðrún Sæmundsdóttir	31,3
Nýsköpunarsjóður	19,8
Karl G. Kristinsson	15,1
Aðrir	33,8





Fyrirtækið var stofnað árið 2007. Framkvæmdastjóri Azazo er Brynja Guðmundsdóttir.

Azazo býður upp á heildarlausn á sviði skjalamála og varðveislu. Azazo býður upp á sérfræðipjónustu við greiningu rekstrarferla og gerð skjalaáætlana. Þá sér fyrirtækið um að varðveita gögn eins og skjöl, muni og menningarminjar fyrir fyrirtæki og stofnanir á öruggan og skipulagðan hátt í sérhæfðu vörsluhúsnæði. Fyrirtækið hefur þróað hugbúnaðinn CORE data sem er öflugt upplýsingastýringakerfi.

www.azazo.com

Betware þróar leikjalausnir fyrir lotterí sem gerir þeim kleift að auka tekjur sínar með sölu í gegnum net og farsíma. Betware býður viðskiptavinum sínum upp á alhliða lausn fyrir leiki á netinu. Lausn fyrirtækisins gerir viðskiptavinum kleift að bæta ofan á lausn Betware-leikjum frá þriðja aðila. Betware framleiðir einnig eigin lottó-, skafmiða-, casino-, póker-, bingó- og afþreyingarleiki. Viðskiptavinir Betware eru m.a. Íslenskar getraunir, Íslensk getsþá, danska ríkislóttóið, spænska ríkislóttóið og fylkislóttóið í Bresku Kólumbíu í Kanada. Betware leggur ríka áherslu á að fjölga viðskiptavinum. Á árinu 2013 var gengið frá sölu á 90% hlutfjár í félaginu til austurrísku fyrirtækjasamsteypunnar Novomatic en stjórnendur munu áfram eiga 10% í félaginu. Ekki eru fyrirhugaðar breytingar á umfangi starfseminnar hér á landi.


www.betware.is



Betware var stofnað árið 1996 af Stefáni Hrafnkelssyni og Margmiðlun hf. Framkvæmdastjóri félagsins er Stefán Hrafnkelsson.



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2009

Helstu hluthafar	%
Core Invest ehf.	18,7
Auður I fagfjárfestarsjóður	18,4
Nýsköpunarsjóður	17,0
Andrea Rafnar	13,4
Aðrir	32,5



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2001

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	1,7
Aðrir	98,3





Nokkrir starfsmenn Azazo (áður Gagnavörslunnar).

CLARA

Frumkvöðlar að baki CLARA eru Gunnar Hólmsteinn og Jón Eðvald Vignisson.

Jive Software Inc (NASDAQ:JIVE) keypti alla starfsemi sprotafyrirtækisins **Clara** ehf. í apríl 2013. Fram að því var CLARA leiðandi fyrirtæki á sviði umsýslu og greiningar á umræðuvefjum fyrirtækja. Félagið sérhæfði sig í því að greina mikið magn af texta og draga úr því upplýsingar til að auðvelda viðskiptavinum að fá yfirsýn yfir umræðuna sem myndast um fyrirtæki, vörumerki og einstaklinga. CLARA var stofnað 2008, vann annað sæti í Gullegginu sama ár og fékk tvo þriggja ára styrki frá Tækniþróunarsjóði 2008 og 2010.

www.clarahq.com

Coori byggir á áralöngu rannsóknar- og þróunarstarfi við Tokyo Institute of Technology. Coori býður veflausnir til tungumálanáms sem byggjast á nýjustu tækni í gervigreind, talgreiningu og gagnavinnslu. Lausnir sem geta valdið straumhvörfum í skilvirkni tungumálanáms í heiminum og byggja á flókinni tækni sem er í alþjóðlegu einkaleyfisferli og á sér ekki hliðstæðu. Í fyrstu útgáfu kerfisins var enskumælandi fólki hjálpað að læra japönsku en nú hefur enskukennsla fyrir Japani einnig verið sett á markað. Formlegur rekstur með áskriftargjöldum hófst í maí 2012. Önnur tungumálapör munu fylgja í kjölfarið. Auk þess hefur Coori gefið út sérlausn fyrir snjalltæki sem heitir Lingo World.


www.coori.com



Coori var stofnað árið 2010 og eru frumkvöðlar félagsins Arnar Þór Jensson framkvæmdastjóri og Þorsteinn G. Gunnarsson stjórnarformaður.


Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2012

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	20,6
Aðrir	79,4



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2011

Helstu hluthafar	%
Arnar Jensson	26,3
Nýsköpunarsjóður	28,9
Jens Björgvin Helgason	10,0
Aðrir	34,8





Dohop var stofnað af Frosta Sigurjónssyni. Framkvæmdastjóri félagsins er Kristján G. Bjarnason.

Dohop var stofnað 2004 til að þróa og reka vef sem auðveldar neytendum um allan heim að finna ódýrar flugferðir og tengingar milli þeirra, hvort sem flogið er með lágfargjaldaflugfélögum eða ekki. Í dag fær vefurinn heimsóknir frá flestum löndum heims enda til á 26 tungumálum og mánaðarlega koma u.þ.b. 1 milljón gesta inn á vefinn. Dohop hefur gert auglýsingasamninga við hundruð flugfélaga og ferðaskrifstofa en auk þess selur Dohop flugfélögum og flugvöllum flugleitina sem þau nýta á eigin vefjum. Á vef Dohop er einnig að finna hótél- og bílaleiguleit sem unnin er í samstarfi við erlend fyrirtæki. Tæknin á bak við vefinn stendur traustum fótum og getur auðveldlega afkastað margfalt fleiri gestum. Á undanfögnu ári var því lögð meiri áhersla á sölu- og markaðsstarf og áfram verður haldið á þeirri braut á komandi misserum.

www.dohop.is

Expeda býr til veflausnir sem gera læknum, heilbrigðisstarfsmönnum og einstaklingum mögulegt að nálgast og nýta læknisfræðilega sérfræðiþekkingu á sviði beinþynningar og sjálfsöfnæmissjúkdóma. Þjónusta fyrirtækisins er gerð aðgengileg í gegnum hefðbundnar PC-tölvur sem og önnur veflæg jaðartæki s.s. snjallsíma og töflur (öpp). Fyrirtækið veitir viðskiptavinum sínum læknisfræðilega sérfræðiráðgjöf á þremur megin sviðum, þ.e. á sviði forvarna, greiningar og meðferðar þeirra sjúkdóma sem um ræðir. Megináherslur fyrirtækisins eru að svara þörfum þriggja markaða, lyfjaiðnaðar, tryggingastarfsemi og einstaklingsmarkaðar sem eru sjálfstætt starfandi lækna og einstaklingar. Fyrirtækið vinnur með heimsþekktum innlendum og erlendum vísindamönnum að vöruþróun og markaðssetningu á þjónustu sinni og hafa Evrópa og Bandaríkin verið skilgreind sem helstu markaðssvæði fyrirtækisins.


www.expeda.is



Félagið var stofnað árið 2008. Framkvæmdastjóri þess er Björn Rúnar Lúðvíksson.


Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2008

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	10,8
Aðrir	89,2



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2011

Helstu hluthafar	%
Lífsnet ehf.	27,1
Catch Holding	9,9
Björn Guðbjörnsson	13,5
VHE ehf.	19,9
Nýsköpunarsjóður	17,6
Aðrir	12,0









Genís var stofnað af Hólshyrnu ehf. og Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins árið 2005. Framkvæmdastjóri félagsins er Jóhannes Gíslason.

Genís þróar nýjar aðferðir til að meðhöndla bólgu- og hrörnunarsjúkdóma einkum í bein- og brjóskef en einnig í öðrum vefjum líkamans. Áherslur eru þrjúþættar: Unnið er að þróun aðferða til að nota amínósykrur til að efla græðingarmátt skaddaðs beinvefs með ígræðsluefnum við skurðaðgerðir. Verið er að þróa sykruform sem hægt er að gefa um munn til að sporna gegn vefjaskemmdum af völdum bólgu. Unnið er að rannsóknum sem lúta að því að varpa ljósi á þá ferla sem liggja til grundvallar líffræðilegri virkni amínósykranna. Genís vinnur mikið með innlendum og erlendum vísindamönnum.

gogoyoko verður Atmo. Gogoyoko var stofnað til þess að leiða þýðingarmikla breytingu í tónlistariðnaðinum með viðskiptalíkani sem nefnist „Fair Play in Music“ og setur rétt listamanna í algjöran forgang. Upphaflega bauð gogoyoko upp á gjaldfrjálsa streymisþjónustu til neytenda en hefur nýlega breytt um stefnu og mun eftirleiðis sérhæfa sig í tónlistarlausnum fyrir fyrirtæki undir nafninu Atmo.

www.weareatmo.com




ATMO

Gogoyoko var stofnað árið 2007 af Hauki Magnússyni og Péttri Úlfi Jónssyni. Ívar Kristjánsson, einn stofnenda CCP, er framkvæmdastjóri félagsins.



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2005

Helstu hluthafar	%
Vor Limited	53,1
Hólshyrna	25,6
Nýsköpunarsjóður	21,3



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2008

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	10,0
Skjátækni ehf.	47,9
Aðrir	42,1



KERECIS


Kerecis var stofnað árið 2007 af Guðmundi Fertram Sigurjónssyni, dr. Baldri Tuma Baldurssyni, Hilmarí Kjartanssyni og J. Ernest Kenney. Framkvæmdastjóri félagsins er Guðmundur F. Sigurjónsson.

Húð mannlíkamans er stærsta líffæri mannsins. Þrálát sár á húð og annar vefjaskaði er algengt óleyst heilbrigðisvandamál. Markmið **Kerecis** er að þróa og markaðssetja lausnir til meðhöndlunar á vefjaskaða. MariGen Omega3 og MariCell Omega3 eru vörur sem byggja á fyrstu kynslóð tækni Kerecis og er sala hafin. MariGen Omega3 stoðefnið er búið til úr roði úr íslenskum þorski með því að fjarlægja allar frumur og öll ofnæmisvaldandi efni úr roðinu. Þegar MariGen Omega3 stoðefnið er lagt við skaðaðan vef nýttist efnið sem stoðgrind fyrir frumur líkamans sem leita inn í efnið, skipta sér, og ef aðstæður eru réttar, skilja eftir endurskaða húð. MariCell Omega3 eru sérhönnuð krem til meðhöndlunar á þurri húð með einkennum húðbólgu þ.m.t. húð sykursjúkra, ásamt exemi og psóriasis. Kerecis vinnur að þróun fleiri gerða af MariGen Omega3 stoðefninu m.a. til meðhöndlunar á kviðslitum, til enduruppbyggingar á brjóstum og viðgerða á heilabasti. Á árinu 2013 náðist mikilvægur áfangi þegar fyrirtækið tryggði sér markaðsleyfi í Bandaríkjunum frá Bandaríska matvæla- og lyfjaeftirlitinu (FDA).

www.kerecis.is

Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2009

Helstu hluthafar	%
FnF ehf.	32,2
Nýsköpunarsjóður	30,0
Aðrir	37,8



Kine hefur þróað algerlega þráðlaust margrás EMG-kerfi (Electro MyoGramm) með samhæfðri videóupptöku. Með þessari aðferð er hægt að mæla vöðvavirkni og hreyfingu notenda og um leið gefa fagfólki svo sem sjúkraþjálfurum og íþróttakennurum aðferð til að greina upplýsingar og nýta þær við endurhæfingu og þjálfun á sínum viðskiptavinum.


www.kine.is




Kine var stofnað árið 1996 af Baldri Þorgilssyni, Þórði Helgasyni og Ásmundi Eiríkssyni. Framkvæmdastjóri er Ásmundur Eiríksson.

Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2000

Helstu hluthafar	%
Kine Academy ehf.	46,6
Nýsköpunarsjóður	20,1
Vogun hf.	19,4
Aðrir	13,9





Lifeind var stofnað af Jóni Jóhannesi Jónssyni. Framkvæmdastjóri félagsins er Hans Guttormur Þormar.

Lifeind var stofnað árið 2001 og hafa starfsmenn Lifeindar unnið að þróun örgerlarafráttarbúnaðar til að bjóða væntanlegum viðskiptavinum upp á einfalda og fljótvirka leið til að framkvæma tvívíðar rafráttargreiningar á kjarnsýrum. Árið 2008 var stofnað systurfyrirtæki Lifeindar í Skotlandi, BioCule (Scotland) Limited. Það fyrirtæki hefur unnið að undirbúningi fyrir framleiðslu tækjabúnaðar, öflunar viðskiptasambanda og markaðssetningu. Félagið vinnur á grundvelli þriggja einkaleyfa. Markaðssetning tækjabúnaðar og rekstrarvara er hafin með kynningu tækninnar til valinna vísindamanna og rannsóknarstofnana.

www.lifeind.com

Menn og mýs ehf. þróar og selur hugbúnaðarlausnir til stjórnunar á DNS-, DHCP- og IP-innviðum (DDI) fyrir stór alþjóðleg fyrirtæki undir nafninu Men & Mice Suite. Undir kjörorðunum „First Choice in IP Address Management“ leggur fyrirtækið áherslu á vandaða vöru, þekkingu og þjónustu. Menn og mýs var stofnað árið 1990 og árið 1995 var hafin vinna við gerð fyrsta QuickDNS sem var fyrsti DNS-þjónninn fyrir Apple umhverfi. 99% tekna koma frá erlendum stórfyrirtækjum og markaður fyrir DDI er í hröðum vexti. Í dag starfa 29 starfsmenn hjá félaginu.

menandmice.com

MEN&MICE

Menn og mýs var stofnað af Péttri Péturssyni og Jóni Georgi Aðalsteinsyni.



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2001


Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	43,7
Jón Jóhannes Jónsson	31,5
Tækniþróun ehf.	6,3
Aðrir	18,5



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2001

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	24,4
Hiidenkivi Investment Oy	18,3
Magnolia Ventures Oy	18,2
Pétur Pétursson	14,7
Jón Georg Aðalsteinnsson	14,7
Aðrir	9,7





Guðmundur F. Sigurjónsson, Baldur Tumi Baldursson og Hilmar Kjartansson í Kerecis.



Mentis Cura var stofnað árið 2004 af Kristni Johnsen og Lyfjabróun ehf.

Mentis Cura þróar lífvísa fyrir heilasjúkdóma. Aðferðir félagsins byggja á heilalínuritum og gera kleift að greina sjúkdóma fyrr en áður og af meira öryggi, fyrir minna fé. Greiningin eykur möguleika á árangursríkari meðferðum og getur komið að mikilvægum notum við þróun á lyfjum. Fyrirtækið selur tvær vörur, annarsvegar fyrir greiningu Alzheimer og hinsvegar fyrir greiningu ofvirkni og athyglisbrests í börnum. Félagið rekur greiningarstöð á Íslandi og markaðssetning er hafin í Evrópu.

www.mentiscura.is

Mentor var stofnað árið 2000. Frá upphafi hefur fyrirtækið unnið með skólum og byggir á rúmlega 20 ára reynslu af rekstri og þróun upplýsingakerfa. Á þessum árum hefur orðið mikil þróun og kerfið er notað af skólum, sveitarfélögum og íþróttafélögum í nokkrum löndum. Í dag selur Infomentor háþróað vefkerfi sem kennarar nota í sínu daglega starfi. Þeir útbúa áætlanir, merkja ástundun, skrá heimavinnu og einkunnir og meta frammistöðu nemenda miðað við námskrá. Mentor spilar stórt hlutverk í samskiptum heimilis og skóla. Mentor er með starfsstöðvar í fimm löndum. Auk höfuðstöðvanna á Íslandi er fyrirtækið með stöðvar í Svíþjóð, Þýskalandi, Sviss og Bretlandi.


www.mentor.is



Infomentor var stofnað árið 2000 af Jóni Aðalsteinssyni og hjónunum Pétri Péturssyni og Vilborgu Einarsdóttur. Framkvæmdastjóri er Vilborg Einarsdóttir.


Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2009

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	16,3
Þorvaldur Gissurarson	11,3
Abelsnes Invest AS	12,1
Stratel AS	13,0
Aðrir	47,3



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2007

Helstu hluthafar	%
Frumtak	37,4
Vilborg Einarsdóttir	17,7
Jón Georg Aðalsteinsson	17,7
Nýsköpunarsjóður	13,9
Aðrir	13,3





Mint Solutions var stofnað árið 2010 af Gauta Reynissyni, Ívari Helgasyni og Maríu Rúnarsdóttur. Framkvæmdastjóri félagsins er Gauti Reynisson.

Fyrirtækið **Mint Solutions** hefur hannað MedEye-lausnina sem auðveldar sjúkrastofnunum að hafa eftirlit með lyfjagjöfum. Markmið fyrirtækisins er að vera leiðandi í gerð lausna til lyfjaeftirlits á sjúkrastofnunum og er markaðssetning erlendis hafin. Mistök við lyfjagjöf eru alvarlegt vandamál sem allar sjúkrastofnanir glíma við og kostar fjölda mannlífa á ári hverju. MedEye skannar töflur myndrænt og greinir lyfjategundir til að koma í veg fyrir mistök. MedEye eykur öryggi við lyfjagjöf verulega og er einstakt í sinni röð. Sótt hefur verið um einkaleyfi á lausninni.

www.mint.is

NordicPhotos ehf. sérhæfir sig í sölu ljósmynda eftir ljósmyndara á Norðurlöndunum í gegnum netið um allan heim ásamt því að selja ljósmyndir úr þekktum erlendum myndaböndum á Norðurlöndum. NordicPhotos er með samninga við yfir 500 ljósmyndara frá öllum Norðurlandþjóðunum ásamt umboðum fyrir um 100 erlend myndasöfn og hefur skapað sér sess sem eitt stærsta myndasafn á Norðurlöndunum.

www.nordicphotos.com



NordicPhotos ehf. var stofnað árið 2000 af Arnaldi Gauta Johnsen sem einnig er framkvæmdastjóri félagsins.


Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2011

Helstu hluthafar	%
Stofnendur	67,6
O105 Holding ehf.	12,8
Nýsköpunarsjóður	13,9
Aðrir	5,7



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2002

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	42,5
Kjartan Dagbjartsson	6,4
Arnaldur Gauti Johnson	6,5
Steinunn Jónsdóttir	6,4
Hreinn Ágústsson	4,2
Aðrir	34,0



Oxymap

Oxymap var stofnað árið 2002 af Bryndísi Þórðardóttur og Einari Stefánssyni. Framkvæmdastjóri félagsins er Árni Þór Arnason.

Oxymap var stofnað til að þróa og markaðssetja rannsóknartæki til mælinga á súrefnismettun í sjónhimnu augans. Brenglun á súrefnisbúskap í sjónhimnu er talin koma við sögu í mörgum algengum og alvarlegum augnsjúkdómum, t.d. sjónhimnusjúkdómi í sykursýki og gláku. Oxymap framleiðir Retinal oximeter sem mælir súrefnismettun og þvermál æða í sjónhimnu. Unnið er að þróun á hugbúnaði súrefnismælisins, að því að tryggja hugverkaréttindi með einkaleyfum, að gæðavottun og almennu markaðsleyfi. Oxymap vinnur með helstu rannsóknastofnunum á sviði augnlækninga í heiminum til að sýna fram á notagildi vörunnar. Hugbúnaður Oxymap og súrefnismælirinn passa vel inn í vörulínu hjá helstu tækjaframleiðendum á sviði augnlækninga.

www.oxymap.com

OZ þróar hugbúnað og vélbúnað fyrir gagnvirka dreifiveitu sjónvarpsefni. Þjónustan streymir sjónvarpsefni gegnum netið og gerir notendum kleift að stýra sinni dagskrá sjálfir, taka upp sitt upphaldsefni til einkanota sem geymt er á tölvuskýi, horfa á beina útsendingu, gera hlé á afspilun og spóla til baka óháð staðsetningu. Auk þess að vera starfandi á Íslandi hefur félagið í samstarfi við Sony og pólska ríkissjónvarpið hleypt þjónustunni af stokkunum í Póllandi.


www.oz.com

OZ

Framkvæmdastjóri félagsins er Guðjón Már Guðjónsson. Helga Valfells situr í stjórn félagsins.


Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2008

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	34,5
Einar Stefánsson	10,9
Jón Atli Benediktsson	10,9
Bryndís Þórðardóttir	6,5
Aðrir	37,2



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2013





Helgi Hjálmarsson hjá Völku.



Primex var stofnað árið 1997 af fyrirtækjunum Genís hf., Ramma hf. og SR-mjöli hf. Framkvæmdastjóri félagsins er Ólafur Helgi Marteinsson.

Primex ehf. er fyrirtæki í sjávarlíftækni; sérhæft í framleiðslu á einstaklega hreinu kítni og kíttósani. Hráefnið er eingöngu skel af ferskri kaldsjávarrækju (*Pandalus borealis*) sem unnin er á Norðurlandi. Fjórtán manns vinna í verksmiðju og á skrifstofu fyrirtækisins á Siglufirði. Primex markaðssetur og selur gæðavottuð, rekjanleg, vísindalega áreiðanleg og nýstárleg efni til margvíslegra nota: LipoSan Ultra® eru fitubindi- og kólesteróllækkandi efni. ChitoClear®-vörulínan er mjög fjölbreytt og er m.a. notuð sem hráefni í matvæli og snyrtivörur og sem aðalefni í plástra og sárabindi og í sárageil fyrir dýr.

www.primex.is

ReMake Electric hefur þróað rafskynjara sem kemur í stað hefðbundinna rafmagnsöryggja. Búnaðurinn nýtist vel sem greiningartæki og gefur notendum, bæði á heimilum og í fyrirtækjum, tækifæri á að vera upplýstir um rafmagnsnotkunina og stuðla þannig að orkusparnaði og auknu öryggi. Hilmir Ingi Jónsson frumkvöðull uppgötvaði í starfi sínu sem rafvirki að skortur var á upplýsingum til bilanaleitar og kviknaði hugmyndin í framhaldinu. ReMake Electric vann Gulleggið árið 2010 og í framhaldinu komu fjárfestar að fyrirtækinu. Markaðssetning vörunnar hófst að fullum krafti árið 2013 bæði héraðis og erlendis og meðal viðskiptavina á Íslandi eru Bláa Lónið, Ikea og Arion banki.


www.remake-electric.com



ReMake Electric var stofnað árið 2010 af Hilmri Inga Jónssyni sem einnig er framkvæmdastjóri félagsins.


Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 1998

Helstu hluthafar	%
Rammi hf.	50,4
Nýsköpunarsjóður	22,5
Síldarvinnslan hf.	14,1
Samherji hf.	7,8
Aðrir	5,2



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2010

Helstu hluthafar	%
Hilmir Ingi Jónsson	26,3
Eyrir sprotar slhf.	41,3
Nýsköpunarsjóður	22,5
Aðrir	9,9





Stiki var stofnað af Svönu Helen Björnsdóttur og er hún stjórnarformaður fyrirtækisins. Framkvæmdastjóri Stika er Erlendur Steinn Guðnason.

Stiki ehf. var stofnað árið 1992. Fyrirtækið þróa nú tvenns konar hugbúnaðarlausnir; annars vegar til að meta áhættu í rekstri og hins vegar til að meta gæði heilbrigðisþjónustu. Í báðum tilvikum er byggt á ferlavirkni og notkun alþjóðlegra staðla. Risk Management Studio er hugbúnaður hannaður fyrir fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög sem vilja tryggja öryggi og gæði í allri starfsemi sinni. Útflutningur á RM Studio hófst í árslok 2008 og er Stiki nú með viðskiptavini og samstarfsaðila í 16 löndum. RAI-hugbúnaður Stika er þróaður í samstarfi við íslenskar heilbrigðisstofnanir til gæðamats í heilbrigðisþjónustu. Gæði þjónustu eru metin fyrir marga þætti heilbrigðisþjónustu og gæðavísar reiknaðir út. RAI-hugbúnaðurinn er ætlaður opinberum og einkaaðilum í heilbrigðisþjónustu. Allur rekstur Stika er vottaður skv. ISO 9001 og ISO/IEC 27001. Stiki er gullvottaður Micro-softsamstarfsaðili.

www.stiki.com

Stjörnu-Oddi hf. var stofnað 1985 og er orðið eitt fremsta fyrirtæki í heimi á sviði rafeindamerkja sem notuð eru til rannsókna á sjávardýrum. Mælitækin eru smáir sírítar sem safna saman gögnum um ýmsa umhverfisþætti, s.s. dýpi, hitastig og seltu, auk þess að geta sýnt stefnu, halla, og tekið á móti staðsetningu. Gögnin er hægt að skoða í PC-tölvu í gröfum og töflum, þar sem hver mæling hefur sína dagsetningu og klukku. Markmið rannsóknaraðila með notkun fiskmerkjanna er að hafa upplýsingagrunninn það góðan að hægt sé að bæta veiðiráðgjöfina til sjálfbærrar nýtingar á fiskauðlindum. Verið er að útvíkka markaðslega skírskotun félagsins með því að sækja inn á nýja markaði með tilbúna vörur.

www.star-oddi.com



Stjörnu-Oddi hf. var stofnað af Björgvini Guðbjörnssyni, Jóhönnu Ástvaldsdóttur, Kristófer Ástvaldssyni og Sigmari Guðbjörnssyni. Framkvæmdastjóri félagsins er Sigmar Guðbjörnsson.

Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2007

Helstu hluthafar	%
Svana Helen Björnsdóttir	30,6
Bjarni Þór Björnsson	27,9
Nýsköpunarsjóður	41,5



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 1999

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	36,9
Sigmar Guðbjörnsson	27,0
Jóhanna Ástvaldsdóttir	15,0
Aðrir	21,1



TRANSMIT

Transmit var stofnað árið 2009 af Agnari Sigmarssyni, Finni Pálma Magnússyni og Geir Freyssyni. Framkvæmdastjóri félagsins er Geir Freysson.

Transmit var stofnað til að þróa hugbúnað fyrir umsýslu rafræns markaðsefnis sem hentar litlum og meðalstórum fyrirtækjum, en núverandi lausnir einblína á stærri fyrirtæki. Vara Transmit er Brand Regard sem gerir litlum og meðalstórum fyrirtækjum kleift að tryggja að allir starfsmenn og samstarfsaðilar fyrirtækja hafi auðveldan aðgang að stafrænum markaðsgögnum, svo sem lógóum, bæklingum og myndum. Transmit hefur hafið sölu á Brand Regard á Íslandi og í Bretlandi.

www.transmit.is

Tölvuský ehf. rekur **GreenQloud** sem er grænt tölvuský og fyrsta umhverfisvæna tölvuský heims. Um þessar mundir undirbúa fjölmörg fyrirtæki byggingu tölvuvera á Íslandi og horfa fyrst og fremst til erlendra tölvuskýveitna sem viðskiptavina, en Ísland er talið hafa töluvert forskot fyrir rekstur tölvuvera (sjá t.d. www.invest.is). GreenQloud tölvuskýið stuðlar að fullnýtingu orkuauðlinda með stærri hluta virðis_keðjunnar staðsettan á Íslandi og hófst tölvuskýþjónusta fyrirtækisins sumarið 2011. Á árinu 2013 var samið við gagnaver í Seattle í Bandaríkjunum sem byggir nær alfarið á endurnýjanlegri orku en hrein orka er lykillinn að starfsemi fyrirtækisins.


www.greenqloud.com



Tölvuský var stofnað árið 2010 af Eiríki Sveini Hrafnssyni og Tryggva Lárussyni. Framkvæmdastjóri félagsins er Jón Þorgrímur Stefánsson.

Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2010

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	41,4
Geir Freysson	22,6
Agnar Sigmarsson	22,6
Tom Salmon	8,0
Aðrir	5,4



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2010

Helstu hluthafar	%
Kjölur	45,6
Tryggvi Lárusson	9,4
Nýsköpunarsjóður	29,9
Eiríkur Sveinn Hrafnsson	6,7
Aðrir	8,4







Valka var stofnuð árið 2003. Framkvöðull og framkvæmdastjóri fyrirtækisins er Helgi Hjálmarsson.

Fyrirtækið **Valka** var upphaflega stofnað vegna tækifæra fyrir nýjan tæknibúnað í fiskiðnaði. Fyrirtækið býður nú upp á mjög fjölbreyttar hugbúnaðar- og vinnslulausnir sem nýtast flestum fiskvinnslum í heiminum í dag. Staða Völku hefur aldrei verið sterkari og stefnir fyrirtækið í áframhaldandi hraðan vöxt á næstu árum.

www.valka.is

Videntifier Technologies var stofnað 2007 og er spröttið upp úr rannsóknarvinnu við Háskólann í Reykjavík á sviði leitar í myndgagnagrunnum. Vara félagsins, Videntifier Forensic, getur á alsjálfráttan hátt borið kennsl á myndefni á tölvum og þannig aðstoðað við að uppræta barnaklám og annað ólöglegt myndefni. Félagið hefur markaðssett lausnina til lögregluembætta um allan heim og er nú að byggja sér alþjóðlegt sölunet umboðsmanna. Undanfarið ár hefur fyrirtækið fengið Eurostar styrk til frekari þróunar og fékk samning við National Center of Missing and Exploited Children í Bandaríkjunum. Á árinu 2013 seldi Nýsköpunarsjóður hlut sinn í Videntifier til íslenskra einkafjárfesta.


www.videntifier.com



Videntifier Technologies var stofnað af Friðriki Ásmundssyni og Herwig Lejsek. Framkvæmdastjóri félagsins er Herwig Lejsek.



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2008

Helstu hluthafar	%
Helgi Hjálmarsson	23,5
Frumtak	23,3
Nýsköpunarsjóður	23,1
Aðrir	30,1



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2010

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	23,8
Aðrir	76,2



Innovit var stofnað formlega
6. september 2007.

Aðalhvítamenn að stofnun
félagsins voru Andri Heiðar
Kristinsson, Magnús Már
Einarsson og Stefánía
Sigurðardóttir. Auk þeirra
voru Nýsköpunarsjóður
atvinnulífsins og Samtök
iðnaðarins stofnaðilar.

Framkvæmdastjóri er
Salóme Guðmundsdóttir.

Á árinu 2013 sameinuðust frumkvöðlasetrin **Klak** og **Innovit** undir nafninu **Klak-Innovit** og mun fyrirtækið starfa áfram sem nýsköpunar- og frumkvöðlasetur fyrir kraftmikið og metnaðarfullt fólk með góðar viðskiptahugmyndir þar sem lögð er megináhersla á viðskiptatækifæri sem spretta úr starfi íslenskra háskóla. Megintilgangurinn er að virkja frumkvæði og athafnasemi ungs fólks á Íslandi og aðstoða við að hrinda viðskiptahugmyndum í framkvæmd með stofnun árangursríkra fyrirtækja að leiðarljósi. Stuðlað hefur verið að samstarfi við fremstu frumkvöðlasetur í heiminum til þess að umhverfi frumkvöðla á Íslandi verði með besta móti. Hjá Klak- Innovit fá háskólanemar og nýbrautskráðir einstaklingar faglega ráðgjöf og fyrsta flokks aðstöðu til að stofna ný fyrirtæki. Meðal árlegra viðburða hjá Klak-Innovit má nefna frumkvöðlakeppnina um Gulleggið, Startup Reykjavík, Seed Forum Iceland og Alþjóðlega athafnaviku sem haldin er samtímis í 105 löndum.

www.klakinnovit.is

Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2007

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	15,9
Samtök iðnaðarins	8,6
Háskóli Íslands	17,7
Háskólinn í Reykjavík	17,5
Nýherji hf.	25,0
Aðrir	15,3



Fjárfestingar í sjóðum

Frumtak

Frumtak slhf. er sjóður sem fjárfestir í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum sem komin eru af klakstigi og eru vænleg til vaxtar og útflutnings.

Sjóðurinn hefur það markmið að byggja upp öflug fyrirtæki sem geta verið leiðandi á sínu sviði þannig að þau skili ekki aðeins góðri ávöxtun til fjárfesta heldur leggi einnig sitt af mörkum til þess að bæta það samfélag sem þau búa í. Frumtak slhf. fjárfestir á Íslandi en er heimilt að fjárfesta erlendis að því marki sem nauðsynlegt er vegna markaðssóknar fyrirtækja í eigu Frumtaks á erlenda markaði. Sjóðurinn leggur áherslu á fjárfestingar þar sem líkur eru á miklum vexti og útflutningi. Sjóðurinn sérhæfir sig ekki í einstökum greinum.

Frumtak hefur fjárfest í eftirfarandi fyrirtækjum:

www.trackwell.is, www.agr.is, www.handpoint.com, www.gogogic.com, www.meniga.com, www.iceconsult.com, www.mentor.is, www.controlant.com, www.valka.is, www.gogoyoko.com, www.datamarket.com og www.cintamani.is

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er með ráðandi hlut í Frumtaki, 37%. Aðrir hluthafar eru þrír bankar og sex lífeyrissjóðir. www.frumtak.is.


AUÐUR I

AUÐUR I er framtakssjóður í rekstri Virðingar sem fjárfestir í fyrirtækjum í rekstri með mikla vaxtarmöguleika, gjarnan í meirihlutaeigu eða undir stjórn kvenna, eða þar sem aðkoma Auðar getur leyst úr læðingi aukin verðmæti. AUÐUR I leggur áherslu á vaxtarfjármögnun (growth capital).

Rúmlega 20 fjárfestar hafa lagt sjóðnum til fé, meðal þeirra eru flestir af stærstu lífeyrissjóðum landsins sem og aðrir stofnana- og fagfjárfestar, þar á meðal Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins. Stærð sjóðsins var upphaflega 3,2 milljarðar króna. Fjárfestingarrámmi AUÐAR I gerir ráð fyrir fjárfestingum í fyrirtækjum með a.m.k. 3-5 ára rekstrarsögu. Nýsköpunarsjóður á 4,7% í AUÐI I. www.virding.is.

Brú II

Brú II Venture Capital Fund, S.C.A. SICAR er sjóður sem stofnaður var í ársbyrjun 2006 og starfar undir eftirliti fjármálaeftirlits Lúxemborgar (CSSF). Meðal fjárfesta í sjóðnum eru flestir stærstu lífeyrissjóðir landsins, tryggingafélög og aðrir fagfjárfestar ásamt Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins. Nýsköpunarsjóður á 4,3% í BRÚ II. www.bru.is.



Ársreikningur
Nýsköpunarsjóðs
atvinnulífsins 2013



Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins

Við höfum í umboði Ríkisendurskoðunar endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reiknings-skilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við gildandi lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til innra eftirlits sjóðsins, uppbyggingu og virkni þess. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit


Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2013, efnahag hans 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 22. maí 2014

Endurskoðendapjónustan ehf.

Sævar Þór Sigurgeirsson
löggiltur endurskoðandi

Gunnlaugur Kristinsson
löggiltur endurskoðandi



Áritun stjórnar

Ársreikningur Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins (NSA) fyrir árið 2013 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Rekstrartekjur ársins 2013 námu 310,3 milljónum króna samanborið við 790,5 milljónir króna árið áður. Rekstrargjöld ársins námu 296,9 milljónum króna samanborið við 674 milljónir króna árið áður. Hagnaður ársins var 13,5 milljónir króna samanborið við 116,5 milljóna króna hagnað árið áður.

Samkvæmt efnahagsreikningi námu heildareignir sjóðsins samtals 5.194,8 milljónum króna í árslok 2013. Bókfært eigið fé á sama tíma nam samtals 5.035,1 milljónum króna og eiginfjárlutfall sjóðsins því 97%.

Heildarfjárfestingar NSA í eignarhlutum námu 364,1 milljón króna á árinu 2013. Fjárfest var í 2 nýjum sprotafyrirtækjum fyrir samtals 80 milljónir króna og í 8 fyrirtækjum sem NSA átti þegar í fyrir um 280,1 milljón króna. Þá fjárfesti NSA í samlagssjóðunum Frumtaki slhf. og AUÐI I slf. fyrir samtals 287 milljónir króna.

Á árinu störfuðu sjö starfsmenn hjá sjóðnum.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra NSA að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2013 með undirritun sinni.

Reykjavík, 22. maí 2014

Í stjórn

Orri Hauksson
stjórnarformaður

Agnes Anna Sigurðardóttir

Finnbjörn A. Hermannsson

Guðbergur Rúnarsson

Sigrún B. Valdimarsdóttir

Framkvæmdastjóri

Helga Valfells

Rekstrarreikningur árið 2013

	Skýr.	2013	2012
Rekstrartekjur			
Vaxtatekjur og arður af fjárfestingarverkefnum		75.593.146	63.748.348
Vaxta- og vörslutekjur af inneignum	3	45.517.366	92.419.674
Aðrar rekstrartekjur		6.086.372	3.198.000
Söluhagnaður af eignarhlutum		183.131.942	631.104.347
		<u>310.328.826</u>	<u>790.470.369</u>
Rekstrargjöld			
Framlag í afskriftarreikning fjárfestingarverkefna	9	136.850.800	498.919.683
Aðkeyptur kostnaður við fjárfestingarverkefni		14.209.017	29.190.564
Laun og launatengd gjöld	4	95.061.623	95.246.595
Annar almennur rekstrarkostnaður		56.187.636	57.210.129
Þátttaka annarra sjóða í rekstri		(8.788.099)	(8.668.555)
Veittir styrkir		3.320.502	1.808.414
Afskriftir	5	13.259	282.800
		<u>296.854.738</u>	<u>673.989.630</u>
Hagnaður (tap) ársins		<u>13.474.088</u>	<u>116.480.739</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

Eignir

	Skýr.	31.12. 2013	31.12. 2012
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	5	1.898.265	1.115.974
Eignarhlutar	6	3.092.327.454	2.883.447.629
Útlán	7	698.578.003	895.096.355
Samlagssjóðir	8	1.640.950.991	1.412.960.882
Afskriftarreikningur fjárfestingarverkefna	9	(1.134.201.509)	(1.092.537.504))
		<u>4.299.553.204</u>	<u>4.100.083.336</u>
Veltufjármunir			
Aðrar skammtímakröfur	10	48.600.486	62.135.066
Markaðsverðbréf, fjárvarsla	11	477.904.954	903.560.688
Handbært fé	12	368.705.177	231.999.023
		<u>895.210.617</u>	<u>1.197.694.777</u>
Eignir samtals		<u>5.194.763.821</u>	<u>5.297.778.113</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	31.12. 2013	31.12. 2012
Eigið fé	13		
Stofnfé		4.821.767.472	4.821.767.472
Annað eigið fé		213.381.886	158.487.552
		<u>5.035.149.358</u>	<u>4.980.255.024</u>
Skammtímaskuldir			
Skuldir vegna verkefna	16	134.800.000	221.000.000
Skuldir við tengda sjóði	14	0	69.500.000
Aðrar skammtímaskuldir	15	24.814.463	27.023.089
		<u>159.614.463</u>	<u>317.523.089</u>
Eigið fé og skuldir		<u>5.194.763.821</u>	<u>5.297.778.113</u>

Sjóðstreymi árið 2013

	Skýr.	2013	2012
Rekstrarhreyfingar			
Innborgaðar vaxtatekjur og gengismunur bankareikninga		(6.227.378)	2.958.900
Innborgaðar aðrar tekjur		3.587.720	2.087.460
Innborgaðar tekjur af fjárfestingarverkefnum		5.230.513	550.075
Greiddur rekstrarkostnaður		(148.260.976)	(172.002.125)
Greiddir styrkir		(3.320.502)	(1.808.414)
Handbært fé til rekstrar		(148.990.623)	(168.214.104)
Fjárfestingarhreyfingar			
Keyptir fastafjármunir		(795.550)	0
Ný útlán		(228.410.319)	(433.045.950)
Fjárfest í samlagssjóðum	8	(287.006.523)	(229.608.724)
Fjárfest í eignarhlutum		(232.600.000)	(466.536.676)
Seldir eignarhlutir		307.735.951	682.673.374
Útborgað úr samlagssjóðum		59.016.414	11.111.111
Hreyfingar fjárvörslu markaðsverðbréfa		477.400.478	91.159.545
Fengnar afborganir útlána		133.380.524	53.296.734
		228.720.975	(290.950.586)
Fjármögnunarhreyfingar			
Innborgað frá Ríkissjóði Íslands vegna samlagssjóða	8	56.975.802	214.053.168
Skuld við tengda sjóði, breyting		0	69.500.000
		56.975.802	283.553.168
Hækkun á handbæru fé		136.706.154	(175.611.522)
Handbært fé í byrjun árs		231.999.023	407.610.545
Handbært fé í lok árs		368.705.177	231.999.023

Skýringar

1. Starfsemi

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins starfar samkvæmt lögum nr. 61/1997 og er samkvæmt þeim sjálfstæð stofnun í eigu Ríkissjóðs Íslands. Yfirumsjón með sjóðnum er í höndum atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra.

Hlutverk Nýsköpunarsjóðs er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Í þessu skyni er sjóðnum heimilt að leggja fram hlutafé, veita lán og ábyrgðir.

Starfsemi Nýsköpunarsjóðs skiptist í tvær deildir, Stofnsjóð og Tryggingardeild útflutningsins.

Stofnsjóður

Í Stofnsjóði er eigið fé sjóðsins eins og það er varðveitt og ávaxtað á hverjum tíma. Undir Stofnsjóð heyrir allur almennur rekstur Nýsköpunarsjóðs, deilda hans og sjóða.

Tryggingardeild útflutnings

Deildinni er ætlað að veita tryggingar og ábyrgðir til þess að efla íslenskan útflutning á vöru og þjónustu, auka íslenskar fjárfestingar erlendis, þátttöku í verklegum framkvæmdum erlendis og þátttöku í stærri verklegum framkvæmdum hérlendis.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Nýsköpunarsjóðs fyrir árið 2013 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggist á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins:

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld.

Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sjóðsins.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.



	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
	2013	2012	2013	2012
Evra (EUR)	162,41	160,73	158,06	169,33
Bandaríkjadalur (USD)	122,26	125,05	114,76	128,43
Dönsk króna (DKK)	21,71	21,59	21,19	22,69
Sænsk króna (SEK)	191,29	198,121	189,75	207,65

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Tekjuskattur

Sjóðurinn er undanþeginn tekjuskatti samkvæmt lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast sjóðnum og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti væntanlegs hrakvirðis.

Fjáreignir

Eignarhlutar í félögum, fjárfesting í samlagssjóðum og útlán sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metin á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að sjóðurinn verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

3. Vörslutekjur og þóknunartekjur

	2013	2012
Vaxtatekjur og vörslutekjur af inneignum		
Vaxtatekjur af bankainnistæðum	5.689.823	21.345.807
Gengismunur	(11.917.201)	1.286.677
Tekjur af vörslusjóðum	51.744.744	69.787.190
	<u>45.517.366</u>	<u>92.419.674</u>

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2013	2012
Laun	72.653.488	72.293.000
Lífeyrissjóður	11.530.069	11.371.659
Önnur launatengd gjöld	8.111.495	8.379.083
Annar starfsmannakostnaður	2.766.571	3.202.853
	<u>95.061.623</u>	<u>95.246.595</u>
Stöðugildi að meðaltali	6,60	6,75

Heildarlaun og þóknanir til stjórnar og framkvæmdastjóra sjóðsins á árinu 2013 námu 16,2 milljónum króna. Laun framkvæmdastjóra eru ákvörður af kjararáði. Á árinu 2012 námu heildarlaun og þóknanir til stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins 15,2 milljónum króna.



5. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Innréttingar, skrifstofuáhöld	Tölvubúnaður	Samtals
Heildarverð 1.1	4.739.844	1.469.885	6.209.729
Viðbætur ársins	795.550	0	795.550
Heildarverð 31.12	5.535.394	1.469.885	7.005.279
Staða 1.1	3.770.859	1.322.896	5.093.755
Afskriftir ársins.	13.259	0	13.259
Staða 31.12	3.784.118	1.322.896	5.107.014
Bókfært verð 1.1	968.985	146.989	1.115.974
Bókfært verð 31.12.	1.751.276	146.989	1.898.265
Afskriftarhlutföll	20%	33%	

Vátryggingarmat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Vátryggingamat
Innréttingar, skrifstofuáhöld og tölvubúnaður.	10.921.774

6. Eignarhlutar

Eignarhlutar í félögum eru færðir á kostnaðarverði þó um sé að ræða eignarhluti þar sem hluturinn nemur meira en 20% þar sem ekki er unnt að beita hlutdeildaraðferð sbr. 70 gr. ársreikningalaganna. Eignarhlutar í félögum eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

	2013	2012
Eignarhlutar í upphafi árs.	2.883.447.629	2.733.832.761
Fjárfest í nýjum eignarhlutum	364.076.839	537.229.994
Bókfært verð seldra eignarhluta	(134.744.160)	(72.555.887)
Endanlega afskrifaðir eignarhlutar	(252.854)	(253.859.239)
Óútborguð fjárfestingarverkefni. breyting.	(20.200.000)	(61.200.000)
	3.092.327.454	2.883.447.629

Eignarhlutar í fyrirtækjum

3Z ehf.	30,0%	Kine ehf.	21,1%
Admit ehf.	30,0%	Klak Innovit ehf.	15,9%
AGR - Aðgerðagreining ehf.	7,8%	Lífeind ehf.	43,8%
Akthelia ehf.	22,8%	Menn og mús ehf.	24,4%
Alur - álvinnsla ehf.	11,1%	Mentis Cura ehf.	16,3%
AMP ehf.	30,0%	Mentor ehf.	13,9%
Cooori ehf.	28,9%	Mint Solutions ehf.	13,9%
Dohop ehf.	10,8%	Norrænar myndir ehf.	42,5%
Expeda ehf.	17,6%	Oxymap ehf.	34,5%
Fjölblendir ehf.	13,7%	Primex hf.	22,5%
Frumtak GP ehf.	43,0%	ReMake Electric ehf.	22,5%
Gagnavarslan ehf.	16,7%	Spaksmannsspjarir ehf.	5,0%
Gangverð ehf.	30,0%	Stiki ehf.	41,5%
Genís ehf.	21,3%	Stjörnu-Oddi hf.	36,9%
Geogreenhouse ehf.	20,0%	Transmit ehf.	41,4%
Gogogic ehf.	50,0%	Tölvuský ehf.	29,9%
Gogoyoko ehf.	10,0%	Valka ehf.	23,1%
Kerecis ehf.	30,0%		

7. Útlán

Útlán sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metin á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

	2013	2012
Útlán í upphafi	895.096.355	552.287.470
Ný útlán	164.887.978	552.183.783
Afborganir útlána	(245.353.115)	(136.931.031)
Áfallnir vextir, breyting	19.505.677	4.039.273
Endanlega afskrifuð útlán	(135.558.892)	(76.483.140)
	<u>698.578.003</u>	<u>895.096.355</u>

8. Samlagssjóðir

Nýsköpunarsjóði er heimilt að taka þátt í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum sem stunda fjárfestingar í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum, enda nemi eignarhlutur Nýsköpunarsjóðs minna en 50%.

Fjárfesting í samlagssjóðum er færð á kostnaðarverði þó um sé að ræða eignarhluti þar sem hluturinn nemur meira en 20% sbr. heimildarákvæði ársreikningalaganna. Eignarhlutur í samlagssjóðum eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

	2013	2012
Samlagssjóðir í upphafi	1.412.960.882	1.194.463.269
Fjárfestingar í samlagssjóðum	287.006.523	229.608.724
Útborganir samlagssjóða	(59.016.414)	(11.111.111)
	<u>1.640.950.991</u>	<u>1.412.960.882</u>

	Hlutdeild	Kaupverð
Frumtak slhf.	37.04%	1.346.666.669
AUÐUR I	4.69%	149.205.923
Brú II	4.30%	145.078.399
		<u>1.640.950.991</u>

9. Afskriftarreikningar fjárfestingarverkefna

Afskriftarreikningur fjárfestingarverkefna er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir eignarhlutum, útlánum og fjárfestingu í samlagssjóðum. Lagt er í þennan afskriftarreikning árlega með hliðsjón af metinni áhættu hverju sinni og eftir reglum um færslu afskriftarreiknings hjá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins sem settar eru á grundvelli laga og reglugerða um starfsemi sjóðsins. Við mat fjárfestingarverkefna er beitt alþjóðlegum reglum við mat á áhættufjárfestingum og fjárfestingum í óskráðum félögum.

Breyting á afskriftarreikningi fjárfestingarverkefna greinist svo:

	2013	2012
Afskriftarreikningur í upphafi árs	1.092.537.504	991.230.893
Framlag ársins í afskriftarreikning	131.002.558	493.071.440
Endanlega töpuð fjárfestingarverkefni	(89.338.553)	(391.764.829)
	<u>1.134.201.509</u>	<u>1.092.537.504</u>

9. Afskriftarreikningar fjárfestingarverkefna (framhald)

Gjaldfærslur afskrifta fjárfestingarverkefna í rekstrarreikningi greinast þannig:

	2013	2012
Framlag ársins í afskriftarreikning og sölutap	131.002.558	493.071.440
Niðurfærsla skammtímakrafna vegna fjárfestingarverkefna	5.848.242	5.848.243
	<u>136.850.800</u>	<u>498.919.683</u>

Afskriftarsjóður fjárfestingarverkefna í efnahagsreikningi greinist þannig:

Afskriftarreikningur eignarhluta	898.926.156	924.202.467
Afskriftarreikningur útlána	182.513.045	154.058.478
Afskriftarreikningur samlagssjóða	52.762.308	14.276.559
	<u>1.134.201.509</u>	<u>1.092.537.504</u>

10. Aðrar peningalegar eignir

Aðrar skammtímakröfur

	2013	2012
Krafa á ríkissjóð vegna samlagssjóða	0	15.555.556
Kröfur vegna seldra eignarhluta	44.153.902	34.013.751
Aðrar kröfur	4.446.584	12.565.759
	<u>48.600.486</u>	<u>62.135.066</u>

11. Markaðsverðbréf, fjárvarsla

Vörslusjóðir:

Nýsköpunarsjóður hefur gert samninga um ávöxtun og fjárvörslu við aðila innanlands.

	2013	2012
Fjárvarsla í erlendri mynt	233.328.406	202.632.657
Fjárvarsla í íslenskum krónum	244.576.548	700.928.031
	<u>477.904.954</u>	<u>903.560.688</u>

Þróun vörslusjóða greinist þannig:

Staða í upphafi árs.	903.560.688	905.259.459
Innborgað til fjárvörsluaðila	38.501.989	566.560.455
Útborgað frá fjárvörsluaðilum	(515.902.467)	(657.720.000)
Markaðsbreytingar vörslusjóða	51.744.744	89.460.774
	<u>477.904.954</u>	<u>903.560.688</u>

12. Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af óbundnum bankainnistæðum og sjóðum.

	2013	2012
Bankainnistæður og sjóðir	118.844.208	67.943.611
Bankainnistæður og sjóðir í fjárvörslu	249.860.969	164.055.412
	<u>368.705.177</u>	<u>231.999.023</u>

13. Eigið fé

Innborgað stofnfé er samtals kr. 4.821.767.472. Í 7. gr. laga nr. 61/1997 með síðari breytingum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins segir að eigið fé Nýsköpunarsjóðs skuli að lágmarki vera 3.000 milljónir kr. Lágmarksfjárhæð þessi skal taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs frá 1. janúar 2007. Eigið fé er 5.035 milljónir króna í árslok 2013 og til samanburðar er lágmarksfjárhæð sú sem sett er fram í lögum og vitnað er til hér að ofan 4.696 milljónir króna.

Hreyfingar eigin fjár greinast á eftirfarandi hátt:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1. 2012.	4.821.767.472	(187.601.911)	4.634.165.561
Innborgun frá ríkissjóði vegna samlagssjóða	0	229.608.724	229.608.724
Tap ársins 2012		116.480.739	116.480.739
Eigið fé 1.1. 2012	<u>4.821.767.472</u>	<u>158.487.552</u>	<u>4.980.255.024</u>
Innborgun frá ríkissjóði vegna samlagssjóða	0	41.420.246	41.420.246
Hagnaður ársins 2013	0	13.474.088	13.474.088
Eigið fé 31.12.	<u>4.821.767.472</u>	<u>213.381.886</u>	<u>5.035.149.358</u>

Eigið fé Nýsköpunarsjóðs skiptist með eftirfarandi hætti milli einstakra deilda:

	31.12. 2013	31.12. 2012
Stofnsjóður	5.024.561.133	4.969.666.799
Tryggingardeild útflutnings.	10.588.225	10.588.225
	<u>5.035.149.358</u>	<u>4.980.255.024</u>

Samkvæmt 12. grein laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins er miðað við að iðgjöld og tryggingarhlutföll standi undir rekstri Tryggingardeildar útflutnings, greiðslu tjónabóta og myndunar varasjóðs þannig að starfsemin standi undir sér til lengri tíma litið. Tekjuafgangur leggst í sérstakan varasjóð og skal honum varið til greiðslu tjónabóta. Ríkissjóður ábyrgist að öðru leyti skuldbindingar deildarinnar.

14. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir sem hafa umtalsverð áhrif á sjóðinn, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir sjóðnum, s.s. hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.


Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Viðskipti við tengd félög árið 2013	Keypt þjónusta og vörur	Þátttaka í kostnaði	Kröfur	Skuldir
Frumtak GP ehf. hlutdeildarfélag	0	7.200.000	0	0
	0	7.200.000	0	0

Viðskipti við tengd félög árið 2012	Keypt þjónusta og vörur	Þátttaka í kostnaði	Kröfur	Skuldir
Frumtak GP ehf. hlutdeildarfélag	0	7.200.000	0	69.500.000
	0	7.200.000	0	69.500.000

15. Aðrar peningalegar skuldir

	2013	2012
Ógreiddur kostnaður	5.041.667	6.587.685
Áunnið orlof	8.139.413	8.802.021
Skuld við ríkisábyrgðarsjóð	11.633.383	11.633.383
	24.814.463	27.023.089



16. Skuldir vegna verkefna

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur veitt loforð um fjárfestingar til nokkurra fyrirtækja annaðhvort í formi eignarhluta eða útlána að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Skuldbinding í árslok sem færð er meðal skammtímaskulda nemur samtals 134,8 milljónum króna en nam samtals 221 milljón króna árið 2012. Skuldbinding utan efnahagsreiknings vegna verkefna var engin í árslok 2013 en nam samtals 80 milljónum króna 2012.

17. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Nýsköpunarsjóður hefur skuldbundið sig til þátttöku í þremur samlagssjóðum, AUÐI I, Brú II og Frumtaki slhf. samtals að fjárhæð 1.900 milljónir króna. Ógreidd fjárfestingarloforð vegna þessara samlagssjóða nema í lok ársins um 188,9 milljónum króna samanborið við 475,9 milljónir króna í árslok 2012.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs hefur samþykkt að veita ábyrgðir til þriðja aðila til tryggingar bankalánnum. Í árslok 2013 nema veittar ábyrgðir til tryggingar bankalánnum um 24 milljónum króna samanborið við 25,4 milljónum króna í árslok 2012.

Tryggingardeild útflutnings hefur veitt ábyrgðir til þriðja aðila. Á reikningsskiladegi voru eftirstöðvar þessara ábyrgða um 199,9 milljónir króna sem jafngildir um 1,1 milljón í sérstökum dráttarréttindum. Samkvæmt lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins mega heildarskuldbindingar tryggingardeildar ekki nema hærri fjárhæð en 130 milljónum í sérstökum dráttarréttindum.

Endurgreiðslutími ábyrgðarskuldbindinga tryggingardeildar greinist þannig:

	31.12. 2013	31.12. 2012
Gjaldfallin ábyrgð	146.295.943	99.684.709
Til endurgreiðslu síðar	53.603.057	104.194.188
	<u>199.899.000</u>	<u>203.878.897</u>

18. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum hinn 22. maí 2014.



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins Kringlunni 7, 6. hæð 103 Reykjavík
www.nsa.is, nsa@nsa.is

Hönnun og umbrot: Plánetan Ljósmyndir: Birgir Ísleifur Gunnarsson Prentun: Svansprent



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR